VSÓ RÁÐGJÖF



# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM OG KÆRUMÁL FRAMKVÆMDALEYFA

## Hafa kærumál vegna framkvæmdaleyfa haft áhrif á mat á umhverfisáhrifum?

**Verkefni styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar**

**Apríl 2020**

**19262**
S:\2019\19262\v\02_Greinagerð\19262_greinagerd_200424.docx

| Nr. útg. | Dagsetning | Unnið | Yfirfarið | Samþykkt |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 30.04.2020 | EBA | AM / BS | EBA |

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

**Unnið fyrir:**

Vegagerðin
Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

## Efnisyfirlit

| | | |
|---|---|---|
| **1** | **Inngangur** | **3** |
| 1.1 | Markmið og áhersluþættir | 3 |
| **2** | **Lög um mat á umhverfisáhrifum (106/2000)** | **4** |
| 2.1 | Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum | 4 |
| 2.2 | Ferli mats á umhverfisáhrifum matsskyldra framkvæmda | 4 |
| **3** | **Reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012)** | **5** |
| 3.1 | Markmið reglugerðar | 5 |
| 3.2 | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. | 5 |
| 3.3 | Undanfari reglugerðar um framkvæmdaleyfi og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála | 6 |
| 3.4 | Dæmi um kærumál | 6 |
| **4** | **Rannsóknin** | **9** |
| 4.1 | Hluti I : Samanburður á matsskýrslum matsskyldra framkvæmda | 9 |
| 4.2 | Hluti II: Viðtöl við aðila sem koma að matsferlinu | 11 |
| **5** | **Helstu niðurstöður og umræður** | **11** |
| **6** | **Samantekt og hugmyndir um áframhaldandi rannsóknir** | **14** |
| **7** | **Heimildir** | **15** |
| **Viðauki 1 – Greiningartöflur matsskýrslna** | | **17** |
| **Viðauki 2 – Samantekt helstu atriða sem komu fram í viðtölum.** | | **29** |

# 1 Inngangur

Umræður hafa verið uppi um hvort kærumálum hafi farið fjölgandi í tengslum við framkvæmdaleyfi og jafnframt hafa vaknað upp spurningar um hvaða áhrif kærumál hafa haft á matsferlið. Er þróun matsferilsins síðustu ára að færa okkur nær markmiðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, stuðla að bættu samráði, auka vitund um umhverfismál og nýtingu auðlinda eða þvert á móti að flækja matsferlið, draga úr þátttöku almennings og seinka framkvæmdum?

Þessu verkefni er ætlað að opna á umræðu um kærumál framkvæmdaleyfa og möguleg áhrif þeirra á matsferlið sjálft. Í verkefninu verður leitað sjónarmiða ólíkra aðila sem koma að matinu á einn eða annan hátt og reynt að leggja mat á hvort þróun undanfarinna ára hafi verið matsferlinu til bóta eða vansa. Undirbúningur vegna endurskoðunar laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hafinn og í janúar 2019 var skipaður starfshópur í þeim tilgangi. Niðurstöður verkefnisins gætu verið áhugavert innlegg inn í þá vinnu.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

## 1.1 Markmið og áhersluþættir

Markmið verkefnisins er að kanna hvernig matsvinna hafi tekið breytingum á síðastliðnum árum, sem hægt er að rekja beint til kærumála.

Við afmörkun á umfangi verkefnis var ákveðið að skoða tímabilið sitt hvorum megin við 2012 þegar reglugerð um framkvæmdaleyfi (nr. 772/2012) tók gildi. Með þeirri reglugerð var skilgreint á ítarlegri hátt en áður samtenging framkvæmdaleyfis og mats á umhverfisáhrifum.

Skoðaðar eru og bornar saman matsskyldar framkvæmdir þar sem mat á umhverfisáhrifum fór fram annars vegar fyrir gildistöku reglugerðarinnar, árið 2012, og hins vegar eftir gildistöku hennar. Skoðaðir eru helstu þættir matsins, meðal annars valkostagreiningu, rannsóknavinnu, tímaferil og samráð. Að auki eru viðtöl tekin við aðila sem koma að matinu á einn eða annan hátt, það er framkvæmdaraðila, fagstofnanir og leyfisveitendur.

Til frekari afmörkunar er áhersla lögð á að skoða stórar innviðaframkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanir og raflínur.

**Rannsóknaspurning verkefnisins er:**

Hafa kærumál framkvæmdaleyfa frá 2012 haft áhrif á eftirfarandi þætti í ferli mats á umhverfisáhrifum:

- vinsun umhverfisþátta
- valkostagreiningu
- rannsóknir og gagnaöflun
- tímaferil
- samráð, umsagnir og þátttöku almennings?

# 2 Lög um mat á umhverfisáhrifum (106/2000)

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem metin eru á kerfisbundinn hátt áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort leyfa skuli framkvæmd. Lögin voru fyrst sett á Íslandi árið 1993 með innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins.

Framkvæmdir eru flokkaðar í þrjá flokka, A, B og C í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir sem falla undir flokk A og eru alltaf háðar umhverfismati. Framkvæmdir sem flokkast í B og C eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar eða sveitarfélaga og er metið í hverju tilviki fyrir sig hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á vinnu mats á umhverfisáhrifum en Skipulagsstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim. Umsagnaraðilar veita Skipulagsstofnun og sveitarstjórnum umsagnir um matsskyldu framkvæmda, tillögur að matsáætlun og frummatsskýrslur, hvað varðar þau atriði sem falla undir starfssvið þeirra. Þá er almenningi tryggður þáttökuréttur í lögunum þar sem þeir hafa rétt til upplýsinga og að koma að athugasemdum í matsferlinu. Leyfisveitendur eru síðan þeir sem hafa heimild til að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt lögum.

## 2.1 Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum

Í fyrstu grein laga nr. 106/2000 kemur eftirfarandi fram um markmið laganna:

- að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd að mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar hafi farið fram,
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða,
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum.

## 2.2 Ferli mats á umhverfisáhrifum matsskyldra framkvæmda

Í fyrsta fasa mats á umhverfisáhrifum leggur framkvæmdaraðili fram matsáætlun sem er áætlun framkvæmdaraðila um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis hann muni leggja áherslu á í umhverfismati. Þar er gerð grein fyrir hvaða raunhæfu valkostir koma til greina, í hverju áhrifaþættir framkvæmda felast, hvaða gögn eru fyrirliggjandi og hvaða rannsóknir eru fyrirhugaðar. Þá er einnig gerð grein fyrir fyrirhuguðu samráði í matsferlinu.




Mynd 2.1 Ferli mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Matsáætlun er kynnt fyrir umsagnaraðilum og almenningi tvisvar sinnum í ferlinu. Fyrst er það framkvæmdaraðili sem auglýsir drög að matsáætlun. Þegar framkvæmdaraðili hefur uppfært matsáætlun er hún send til Skipulagsstofnunar sem auglýsir þá aftur tillögu að matsáætlun. Eftir að viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum liggja fyrir tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlun, þar sem hún getur bætt við skilmálum fyrir áframhaldandi matsvinnu.

Þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun liggur fyrir vinnur framkvæmdaraðili að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir svo til kynningar. Þar er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmdinni, valkostir bornir saman og lagt mat á líkleg áhrif þeirra á umhverfið. Gefst þá umsagnaraðilum og almenningi aftur tækifæri á að koma fram með sín sjónarmið varðandi mat á umhverfisáhrifum.

Þegar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir getur framkvæmdaraðili þá sótt um framkvæmdarleyfi til viðkomandi leyfisveitenda.

# 3 Reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012)

Hér eru dregin fram þau atriði í reglugerð um framkvæmdaleyfi sem tengjast matsskyldum framkvæmdum.

Framkvæmdir sem teljast meiriháttar framkvæmdir, hafa áhrif á umhverfið eða breyta ásýnd þess, þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir og óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir nema að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út.

Leyfisskyldar framkvæmdir þurfa ekki allar að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Aftur á móti eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum ávallt háðar framkvæmdaleyfi. Ef framkvæmd er matsskyld (A- framkvæmd) skal liggja fyrir álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdar áður en framkvæmdaleyfi er samþykkt.

Með reglugerðinni var tenging framkvæmdaleyfis og mats og á umhverfisáhrifum gerð ítarlegri skil en áður í Skipulags og byggingarlögum (73/1997). Sem fyrr þarf leyfisveitandi að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en nú þarf leyfisveitandi jafnframt að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og tryggja að milli þeirrar framkvæmdar, sem lýst er í matsskýrslu, og umsóknar um framkvæmdaleyfi sé fullt samræmi.

Ekki eru skilgreindir tímafrestir í reglugerð í tengslum við vinnu leyfisveitenda við framkvæmdaleyfi. Hafi framkvæmdaleyfið ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykki um framkvæmdaleyfið fellur samþykki þess úr gildi. Í tilkynningu um ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

## 3.1 Markmið reglugerðar

Í annarri grein reglugerðar koma eftirfarandi markmið fram:

- stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarminja og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- tryggja faglegan undirbúning við útgáfu framkvæmdaleyfa og koma á samræmdu ferli vegna umsókna um framkvæmdaleyfi,
- tryggja að leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum,
- tryggja að virkt eftirlit sé með því að framkvæmdir séu ekki hafnar án leyfis og að þær séu í samræmi við útgefin leyfi.

## 3.2 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er skilgreint þannig að hún úrskurðar í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og

ágreiningsmálum á sviði umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

Á heimasíðu nefndarinnar má finna upplýsingar um kærufjölda frá árinu 2012. Eins og sjá má tók kærufjöldi stökk á árunum 2016 – 2018 en árið 2019 hafði fjölda mála fækkað aftur. Taflan gerir grein fyrir öllum málum sem koma inn á borð nefndarinnar, ekki eingöngu þeim málum sem tengjast útgáfu framkvæmdaleyfa og mati á umhverfisáhrifum.

Tafla 3.1 Fjöldi kærumála til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 2012 (Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, 2020).

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kærufjöldi | 133 | 114 | 128 | 118 | 175 | 158 | 153 | 134 |

## 3.3 Undanfari reglugerðar um framkvæmdaleyfi og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Þegar lög nr. 106 um mat á umhverfisáhrifum voru sett árið 2000 var það Skipulagsstofnun sem úrskurðaði um matsskyldar framkvæmdir. Þannig gat Skipulagsstofnun annað hvort fallist á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, eða lagst gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa. Úrskurður Skipulagsstofnunar var svo kæranlegur til umhverfisráðherra.

Með lögum nr. 74 árið 2005 um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997 var þessu breytt. Í stað þess að úrskurða um framkvæmd gaf Skipulagsstofnun álit um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar var þá ekki lengur kæranlegt til umhverfisráðherra en þurfti að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi var veitt og þurftu leyfisveitendur að taka rökstudda afstöðu til álitsins. Framkvæmda- og byggingaleyfi sveitastjórna voru þá kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Árið 2011 voru sett lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og var sú nefnd þá sett á laggirnar og tók við hlutverki úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Ári seinna tók reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) gildi.

## 3.4 Dæmi um kærumál

Til að setja niðurstöður rannsóknar í samhengi við niðurstöður kærumála síðastliðinna ára eru hér tekin saman dæmi um framkvæmdaleyfi sem hafa verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá árinu 2012 (Tafla 3.2).

Listinn er ekki tæmandi yfir þau mál sem úrskurðarnefndin hefur úrskurðað um og tengjast mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfum en í samræmi við afmörkun verkefnisins er áhersla lögð á stórar innviðaframkvæmdir.

Í töflunni eru talin eru upp helstu atriði sem koma fram í kærum á framkvæmdaleyfi og ef framkvæmdaleyfi eru felld úr gildi í úrskurðum eða dómum er gerð grein fyrir helstu forsendum þeirrar ógildingar. Ekki gefst færi hér að fara nánar í önnur atriði í úrskurðum eða dómum.

Tafla 3.2 Dæmi um framkvæmdir þar sem framkvæmdaleyfi hafa verið kærð. Upplýsingar fengnar af heimasíðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, uua.is.

| Heiti framkvæmdar | Útgáfa framkvæmdaleyfis | Helstu atriði í kæru | Úrskurður úrskurðarnefndar | Niðurstaða Héraðsdóm og Hæstaréttar |
|---|---|---|---|---|
| **Hringvegur um Hornafjörð.** | Hornafjörður – desember 2016 | Gögn talin úreld þar sem lög nr. 60/2013 um náttúruvernd tóku gildi milli álits og ákvörðunar um framkvæmdaleyfi.<br>Ekki talið nægjanlega gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdar, t.d. á landbúnað og fuglalíf.<br>Deilt um hvaða valkostir voru teknir til skoðunar í mati.<br>Ósamræmi talið á milli matsáætlunar og frummatsskýrslu. | Kröfu kærenda er hafnað um ógildingu á ákvörðun um framkvæmdaleyfi. | |
| **Kröflulína 4.** | Skútustaðahreppur – október 2016<br>Þingeyjasveit – júní 2016 | Umfjöllun um valkosti í mati á umverfisáhrifum talin ábótavant.<br>Gögn talin úreld. T.d afmörkun verndarsvæða, þekking á jarðstrengjum og lög nr. 60/2013 um náttúruvernd tóku gildi milli álits og ákvörðunar um framkvæmdaleyfi.<br>Sveitarstjórn talin vanhæf vegna tengsla hennar og stakra sveitarstjórnamanna við Landsvirkjun.<br>Sveitarstjórn ekki talin hafa sinnt rannsóknaskyldu sinni.<br>Framkvæmdalýsing í umsókn um leyfi ekki talin samræmast framkvæmd sem var metin í mati á umhverfisáhrifum. | Apríl 2017 - Kröfu kærenda er hafnað um ógildingu á ákvörðun Skútustaðahrepps um framkvæmdaleyfi.<br>Október 2016 - Kröfu kærenda er hafnað um ógildingu á ákvörðun Þingeyjasveitar um framkvæmdaleyfi. | |
| **Suðvesturlínur.** | <u>Suðurnesjalína 2</u><br>Vogar - apríl 2014<br>Reykjanesbær – maí 2014<br>Grindavík – desember 2014<br>Hafnarfjörður – júlí 2015<br><u>Lyklafellslína</u><br>Mosfellsbær – mars 2017<br>Hafnarfjörður – júní 2017<br>Garðabær – des. 2017<br>Kópavogur – janúar 2018 | Umfjöllun og samráð um valkosti talið ábótavant.<br>Ekki hafi verið unnið deiliskipulag fyrir svæðið.<br>Ákvörðun um framkvæmdaleyfi hafi ekki verið vísað til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.<br>Sveitarstjórn ekki talin hafa sinnt rannsóknaskyldu sinni. | <u>Suðurnesjalína 2</u><br>Mars 2017 - Úrskurðarnefnd fellir framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar, Grindavíkur og Hafnarfjarðar úr gildi með vísan í dóm Hæstaréttar.<br><u>Lyklafellslína</u><br>Mars 2018 – Úrskurðarnefnd fellir framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar úr gildi með vísan í dóm Hæstaréttar um Suðurnesjalínu 2.<br>Júní 2018 – Önnur framkvæmdaleyfi afturkölluð og felld niður. | <u>Suðurnesjalína 2</u><br>Júlí 2016 – Héraðsdómur fellir framkvæmdaleyfi Voga úr gildi.<br>Febrúar 2017 – Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms.<br>Helstu atriði dóms:<br>Ekki voru færð nægjanleg rök fyrir því að jarðstrengir teldust ekki raunhæfir valkostir. |

| Heiti framkvæmdar | Útgáfa framkvæmdaleyfis | Helstu atriði í kæru | Úrskurður úrskurðarnefndar | Niðurstaða Héraðsdóm og Hæstaréttar |
|---|---|---|---|---|
| **Brúarvirkjun í Tungufljóti.** | Bláskógabyggð – febrúar 2018 | Skilyrði vegna brýnna almannahagsmuna ekki talin uppfyllt vegna rasks á svæði á náttúruminjaskrá.<br>Umfjöllun um vatnsvernd og jarðfræði talin ábótavant og að brotið sé á rannsóknarreglu. | Janúar 2019 - Kröfu kærenda er hafnað um ógildingu á ákvörðun um framkvæmdaleyfi. | |
| **Dettifossvegur, Hringvegur-Norðausturvegur.** | Skútustaðahreppur – apríl 2017 | Deilt um aðalvalkost. Rök Skútustaðahrepps ekki talin nægjanleg um að veita framkvæmdarleyfi fyrir valkost sem Skipulagsstofnun taldi ekki ásættanlegan. | Apríl 2008 - Kröfu kærenda er hafnað um ógildingu á ákvörðun um framkvæmdaleyfi. | |
| **Þeistareykjalína 1** | Þingeyjarsveit – apríl 2016<br>Norðurþing – maí 2016 | Sveitarstjórn ekki talin hafa sinnt rannsóknaskyldu sinni.<br>Ákvörðun fari í bága við almenna náttúruverndarlöggjöf á Íslandi vegna neikvæðra áhrifa á verndarsvæðum.<br>Framkvæmdalýsing í umsókn um leyfi ekki talin samræmast framkvæmd sem var metin í mati á umhverfisáhrifum.<br>Sveitarstjórn talin vanhæf vegna tengsla hennar við Landsvirkjun. | Felld úr gildi ákvörðun sveitastjórnar Þingeyjarsveitar .<br>Helstu atriði úrskurðar: Rannsóknaskyldu ekki uppfyllt varðandi samanburð valkosta.<br>Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar sveitarstjórnar Norðurþings. | |

# 4 Rannsóknin

Rannsókninni er skipt í tvo hluta með það að markmiði að skoða hvort hægt er að sjá marktækan mun á matsferlinu fyrir og eftir að reglugerð um framkvæmdaleyfi var sett árið 2012 og hvort hægt sé að rekja breytingarnar til kærumála.

Í **hluta I** eru skoðaðar matsskýrslur sem voru gefnar úr fyrir og eftir árið 2012 og borið saman hvernig staðið er að umfjöllun um vinsun umhverfisþátta, valkostagreiningu, rannsóknum og gagnaöflun, tímaferil, samráð, umsagnir og þátttöku almennings.

Í **hluta II** eru tekin viðtöl við ýmsa aðila sem koma að matsferlinu og leyfisveitingum á einn eða annan hátt og þau spurð út í viðhorf þeirra til matsferilsins og hvernig þróunin hefur verið undanfarin ár varðandi ofangreind atriði.

## 4.1 Hluti I : Samanburður á matsskýrslum matsskyldra framkvæmda

Við afmörkun verkefnis var ákveðið að skoða í heild tólf matsskýrslur, sex matsskyldar framkvæmdir þar sem matsskýrslu voru unnar á árunum fyrir 2012 áður en reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) tók gildi, og sex matsskyldar framkvæmdir þar sem matsskýrsla var unnin eftir það tímabil.

Áhersla er lögð á að skoða stórar innviðaframkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanir og raflínur.

Tafla 4.1 gerir grein fyrir framkvæmdum sem skoðaðar eru fyrir tímabilið 2012-2014.

Tafla 4.2 gerir grein fyrir framkvæmdum sem unnar voru eftir það tímabil.

Tafla 4.1 Matsskyldar framkvæmdir þar sem matsskýrsla var unnin fyrir gildistöku reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

| Nr. | | Útgáfa matsskýrslu |
|---|---|---|
| 1 | Vestfjarðavegur nr. 60 í Reykhólahreppi | 2005 |
| 2 | Dettifossvegur í Norðurþingi og Skútustaðahreppi | 2006 |
| 3 | Hringvegur um Hornafjörð | 2009 |
| 4 | Hverahlíðarvirkjun | 2008 |
| 5 | Þeistareykjavirkjun | 2010 |
| 6 | Suðvesturlínur | 2009 |

Tafla 4.2 Matsskyldar framkvæmdir þar sem matsskýrsla var unnin á tímabilinu 2012-2014.

| Nr. | | Útgáfa matsskýrslu |
|---|---|---|
| 1 | Rannsóknaboranir í Eldvörpum | 2014 |
| 2 | Kröflulína 3 | 2017 |
| 3 | Jökuldalsvegur | 2013 |
| 4 | Vestfjarðarvegur (60) milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi | 2017 |
| 5 | Suðurnesjalína 2 | 2019 |
| 6 | Hvalárvirkjun | 2017 |

Í rýni matsskýrslna eru helstu upplýsingar um framkvæmdirnar settar upp í greiningartöflur, sem finna má í viðauka 1. Í greiningartöflum koma fram grunnupplýsingar um framkvæmdina, svo sem framkvæmdaraðila, matsskyldu, markmið framkvæmdar. Þá er einnig gerð grein fyrir þeim atriðum sem eru til skoðunar í þessari rannsókn, í samræmi við rannsóknarspurningu verkefnisins. Markmiðið er að greina hvort lykilþættir í mati á umhverfisáhrifum hafi tekið breytingum eftir 2012.

Tafla 4.3 og Tafla 4.4 gera fyrir helstu atriðum sem skoðuð voru. Gerð er ítarlegra grein fyrir niðurstöðum á samanburði matsskýrslna í kafla 5.

Skoðuð eru eftirfarandi atriði:

- Hvað eru margir valkostir til skoðunar í hverri framkvæmd?
- Hvað eru margir umhverfisþættir teknir fyrir?
- Hvað eru margar sérfræðiskýrslur unnar?
- Hvað tók matsferlið langan tíma?
- Hver er lengd matsskýrslna?
- Hvað sendu margir inn umsagnir eða athugasemdir?
- Eru haldnir opnir kynningarfundir?
- Er gerð grein fyrir öðru samráði í matsskýrslu?

Tafla 4.3 Helstu niðurstöður greininga á matsskýrslum unnar fyrir 2012

| | Matsskýrslur unnar fyrir 2012 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| Fjöldi valkosta | 1-4 | 1-4 | 4 | 2 | 2 | 2 |
| Fjöldi umhverfisþátta | 10 | 11 | 12 | 12 | 11 | 12 |
| Fjöldi sérfræðiskýrslna | 8 | 4 | 10 | 10 | 7 | 9 |
| Tímaferill matsferils (mánuðir)* | 30 | 25 | 37 | 21 | 21 | 9 |
| Frá áliti að framkvæmdaleyfi (mánuðir) | - | 9 | 88 | - | 44 | 100 |
| Heildarferill með kærumálum (mánuðir) | 74 | 34 | 137 | - | 65 | 114 |
| Lengd skýrslu – án viðauka (bls.) | 123 | 292 | 273 | 193 | 272 | 242 |
| Fjöldi umsagna (fjöldi erinda) | 10 | 11 | 8 | 9 | 9 | 27 |
| Fjöldi athugasemda (fjöldi erinda) | 11 | 11 | 11 | 11 | 2 | 7 |
| Fjöldi opinna kynningarfunda | 2 | 1 | 1 | 3 | 4 | 6 |
| Annað samráð skilgreint í skýrslu | Já | Já | Já | Nei | Nei | Já |

* frá drögum að matsáætlun að áliti Skipulagsstofnunar

Tafla 4.4 Helstu niðurstöður greininga á matsskýrslu unnar eftir 2012

| | Matsskýrslur unnar eftir 2012 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| Fjöldi valkosta | 1 | 5-7 | 1 | 5 | 6 | 1 |
| Fjöldi umhverfisþátta | 8 | 10 | 8 | 12 | 12 | 12 |
| Fjöldi sérfræðiskýrsla | 2 | 8 | 6 | 7 | 9 | 7 |
| Tímaferill matsferils (mánuðir)* | 21 | 61 | 73 | 45 | 27 | 23 |
| Frá áliti að framkvæmdaleyfi (mánuðir) | 13 | 15 | - | 35 | - | 26 |
| Heildarferill með kærumálum (mánuðir) | 34 | 76 | - | - | - | - |
| Lengd skýrslu – án viðauka (bls.) | 103 | 270 | 165 | 406 | 269 | 183 |
| Fjöldi umsagna (fjöldi erinda) | 6 | 13 | 7 | 11 | 13 | 7 |
| Fjöldi athugasemda (fjöldi erinda) | 2 | 9 | 0 | 11 | 4 | 2 |
| Fjöldi opinna kynningarfunda | 1 | 1 | 0 | 1 | 3 | 2 |
| Annað samráð skilgreint í skýrslu | Já | Já | Já | Já | Já | Nei |

* frá drögum að matsáætlun að áliti Skipulagsstofnunar

## 4.2 Hluti II: Viðtöl við aðila sem koma að matsferlinu

Í heild eru tekin viðtöl við 7 aðila sem koma að matsferlinu á einn eða annan hátt. Viðtöl eru tekin við starfsfólk hjá eftirtöldum stofnunum og fyrirtækjum:

| Framkvæmdaraðilar | Fagstofnanir | Leyfisveitendur |
|---|---|---|
| • Vegagerðin | • Skipulagsstofnun | • Sveitarfélagið Skagafjörður |
| • Landsvirkjun | • Umhverfisstofnun | • Kópavogsbær |
| • Landsnet | | |

Markmið viðtalanna er að draga fram þeirra viðhorf til matsferilsins um hvernig þróunin hafi verið síðastliðin ár. Hvort þau telji að kærumálum hafi fjölgað, hvort verklag í tengslum við matið hafi tekið breytingum og hvort rekja megi breytingar til kærumála.

Áhersla er lögð á umfjöllun um lykilþætti í mati á umhverfisáhrifum í samræmi við rannsóknaspurningu verkefnisins, þ.e. vinsun umhverfisþátta, valkostagreiningu, rannsóknir og gagnaöflun, tímaferil, samráð, umsagnir og þátttöku almennings?

Helstu atriði sem komu fram í viðtölum hafa verið sett upp í töflu í viðauka 2.

# 5 Helstu niðurstöður og umræður

Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að viðfangsefninu er skipt upp eftir helstu þáttum matsins sem er til skoðunar í samræmi við rannsóknarspurningu og gerð grein fyrir samanburði matsskýrslna, helstu atriðum sem koma fram í viðtölum auk umræðna.

### Valkostir

Í samanburði matsskýrslna mátti greina nokkurn mun á umfjöllun um valkosti fyrir og eftir 2012. Í matsskýrslum sem unnar eru fyrir 2012 eru yfirleitt nokkrir valkostir til skoðunar. Til að mynda í framkvæmdum þar sem Vegagerðin er framkvæmdaraðili er framkvæmd gjarnan skipt upp í nokkra áfanga þar sem einn eða fleiri valkostir eru til skoðunar. Í mörgum tilvikum snúast valkostir um afmarkaðan hluta framkvæmdar, svo sem staðsetning á mannvirki eða efnistökusvæði en ekki heildarútfærslu framkvæmdar.

Í matsskýrslum sem unnar eru eftir 2012 er ýmist aðeins einn valkostur til skoðunar eða fimm eða fleiri. Í þeim tilvikum sem einn aðalvalkostur er til umfjöllunar er þó yfirleitt gerð grein fyrir öðrum kostum sem voru skoðaðir á undirbúningstíma framkvæmdar en fallið var frá og færð rök fyrir hvers vegna þeir teljast ekki raunhæfir. Misjafnt er eftir framkvæmdaraðilum og eðli framkvæmdar hvernig valkostagreiningu er háttað.

Í viðtölum eru framkvæmdaraðilar og fagstofnanir flest sammála um að kröfur hafi aukist síðastliðin ár um valkostagreiningar og að framkvæmdaraðilar þurfi nú að færa ítarlegri rök fyrir vali á aðalvalkosti en áður. Eins og sjá má í töflu 3.2 er umfjöllun um valkosti yfirleitt eitt af atriðum sem koma fram í kærum á framkvæmdaleyfum. Í sömu töflu sést einnig að þeir úrskurðir og dómar sem hafa fallið á þessum tíma, miðað við þær framkvæmdir sem teknar eru fyrir, tengjast umfjöllun um valkosti.

Í viðtölum við fagstofnanir og framkvæmdaaðila kemur fram í flestum tilfellum að verklag þeirra í tengslum við valkosti hefur tekið einhverjum breytingum á

síðustu árum sem þau rekja til úrskurða eða dómsmála. Í viðtölum eru nefndir úrskurðir og dómsmál sem fallið hafa bæði fyrir og eftir 2012.

### Umhverfisþættir

Ekki er að greina mikinn mun á umhverfisþáttum sem eru til umfjöllunar í matsskýrslum. Framkvæmdirnar eru mis umfangsmiklar og fara yfir misviðkvæm svæði sem endurspeglast í fjölda umhverfisþátta. Ekki komu fram sérstök atriði sem varða vinsun umhverfisþátta í viðtölum.

### Rannsóknir og gagnaöflun

Í viðtölunum kemur fram að almennt er ekki talið að kröfur hafi aukist um fleiri rannsóknir. Flestir viðmælendur eru þó sammála um að umfang skýrslna er sífellt að aukast. Ekki er talið að rekja megi umfang sérfræðiskýrslna til sérstakra kærumála. Þekking sé sífellt að aukast og eðlilegt að matsferlið breytist í takti við það. Það er þó bent á í viðtölum við fagstofnanir að yfirleitt sé jafnmikil vinna lögð í rannsóknir á svæðum sem teljast mismikilvæg.

Hjá bæði framkvæmdaraðilum og fagstofnunum kemur fram að matsáætlun mætti vera betur notuð. Tilgangur matsáætlunar sé að ramma inn þá þætti sem framkvæmdaraðili skuli rannsaka í mati á umhverfisáhrifum þannig að ekki séu að koma upp ný sjónarmið eða mikilvæg atriði seint í ferlinu sem erfitt sé að bregðast við, nema með því að byrja ferlið allt upp á nýtt. Fram kom í viðtali við framkvæmdaraðila að almennt væri betur tekið í ábendingar um auknar rannsóknir en áður til að draga úr líkum á kærum seinna meir.

Þegar litið er til atriða sem koma fram í kærum á framkvæmdaleyfi í töflu 3.2 er í einhverjum tilvikum tekið fram að umfjöllun um ákveðna umhverfisþætti sé ábótavant og að rannsóknareglu sé ekki framfylgt. Til að mynda kemur það fram í tveimur kærumálum þegar álit Skipulagsstofnunar var gefið út fyrir árið 2013, áður en náttúruverndarlög (60/2013) tóku gildi, en ákvörðun um framkvæmdaleyfi var tekin eftir gildistökuna. Þar er bent á að umfjöllun um verndarsvæði og verndargildi náttúruminja var ekki talin uppfylla skilyrði náttúruverndarlaga. Í þessum tilvikum var þó ekki talið að fella þyrfti framkvæmdaleyfi úr gildi vegna þess.

Ekki var að greina marktækan mun á milli fjölda sérfræðiskýrslna sem fylgja matsskýrslum sem unnar voru fyrir eða eftir 2012. Að horfa á fjölda skýrslna er þó ekki hentugur mælikvarði í þessu tilviki þar sem það getur verið misjafnt eftir verkefnum hvernig sérfræðiskýrslum er skipt upp og í einhverjum tilvikum er ekki gerð sér skýrsla sem fylgir í viðauka heldur er kaflinn skrifaður beint inn í matsskýrslu.

Varðandi lengd skýrslna er athyglisvert að sjá að meðallengd matsskýrslna, sem unnar voru fyrir og eftir 2012, er jafnmikil eða 232 bls. án viðauka. Í rannsókninni voru skoðuð tvö verkefni sem hafa farið í gegnum matsferlið tvisvar sinnum og þar má sjá að þegar matið er unnið í seinna skiptið er skýrslan töluvert lengri. Skýrslan fór úr 123 bls. í 406 bls. í matsferli Vestfjarðarvegar og matsskýrsla Suðvesturlína var 242 bls. en síðar, þar sem aðeins Suðurnesjalína 2 var tekin fyrir, var matsskýrslan 269 bls. án viðauka.

### Tímaferill

Allir viðmælendur eru sammála um að tímaferli matsins hafi lengst umtalsvert á undanförnum árum. Það kemur líka skýrt fram í samanburði á matsskýrslum en í skýrslum sem unnar eru fyrir 2012 er meðaltími matsferilsins, frá drögum að matsáætlun að áliti Skipulagsstofnunar, 23,8 mánuðir en í matsskýrslum sem unnar eru eftir 2012 er meðaltíminn 41,6 mánuðir. Þarna er kærutími eða vinna við framkvæmdaleyfi ekki tekin með. Ljóst er að breytingin er töluverð. Í þessu verkefni er ekki farið nánar út í hvað liggi á bakvið lengra tímaferli í þessum tilteknum framkvæmdum. Breytingin getur falist í lengri undirbúningstíma, lengri málsmeðferðartíma eða að verkefnið sé sett á bið af einhverjum ástæðum.

Í samanburði matsskýrsla er einnig skoðaður tímaferill framkvæmda þar sem útgáfa framkvæmdaleyfis og kærumál eru tekin með inn í reikninginn. Í helmingstilvikum voru framkvæmdir, þar sem matsskýrsla var gefin út fyrir 2012, sett á bið einhverra hluta vegna áður en sótt var um framkvæmdaleyfi.

Því reynist ekki marktækt að bera saman tímaferil frá áliti Skipulagsstofnunar að útgáfu framkvæmdaleyfis eingöngu með þeim upplýsingum sem hér eru.

Eðli málsins samkvæmt er tímaferillinn töluvert lengri í þeim framkvæmdum þar sem framkvæmdaleyfi hafa verið kærð. Í þeim matsskýrslum sem skoðaðar eru og eru gefnar út eftir 2012 er ekki búið að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir 2 þeirra og kærumál eru í gangi hjá 2 þeirra. Ekki reynist unnt að gera samanburð á heildartíma þar sem tölur liggja ekki fyrir.

Í viðtölum kemur ekki fram að hægt sé að tengja lengri tímaferil beint við ákveðin kærumál eða úrskurði. Fagstofnanir benda á að verkefnum hefur fjölgað mikið undanfarin ár en fjöldi starfsmanna sem vinna við málsmeðferðina lítið breyst. Framkvæmdaaðilar benda á að tímafrestir sem skilgreindir eru í lögum nái ekki að halda. Það kemur þó fram í viðtölum við framkvæmdaraðila að meiri vinna er nú sett en áður í undirbúning og samráð, sem taki tíma.

Leyfisveitendur segja að meiri kröfur séu lagðar á sveitarfélög við undirbúning og veitingu leyfis. Þar er m.a. minnst á rannsóknarskyldu sveitarfélaganna og í töflu 3.2 má sjá að það er oft meðal helstu atriða í kærum á framkvæmdaleyfi. Það samræmist því að þegar reglugerð um framkvæmdaleyfi tók gildi þá er meiri áhersla á en áður að leyfisveitandi kynni sér matsskýrslu og tryggi að umsókn um framkvæmdaleyfi samræmist framkvæmd sem þar er lýst. Þessar kröfur hafa í för með sér meiri vinnu og lengri tíma. Sveitarfélög hafa mismikla burði til að sinna stórum umdeildum framkvæmdum og eru almennt í meira mæli að fá utanaðkomandi ráðgjöf til að tryggja rétta málsmeðferð.

Í þessu samhengi má einnig nefna flækjustigið sem kemur upp þegar sama framkvæmdin fer í gegnum mörg sveitarfélög og vinna þarf nokkur framkvæmdaleyfi fyrir sömu framkvæmdina. Til dæmis má sjá í töflu 3.2 að fyrsta framkvæmdaleyfið fyrir Suðurnesjalínu 2 var dottið úr gildi áður en það síðasta var samþykkt þar sem ár var liðið frá samþykki þess fyrra.

## Samráð, umsagnir og þátttaka almennings

Í viðtölum er almennt ekki talið að verklag í kringum umsagnir hafi breyst. Umsagnaraðilar eru skilgreindir í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ættu kærumál ekki að hafa áhrif á fjölda þeirra heldur fer fjöldinn eftir umfangi framkvæmdar og staðsetningu.

Margir viðmælendur töldu að samráð hafi aukist síðastliðin ár og flestir framkvæmdaaðilar og leyfisveitendur töldu að verklag sitt hafi breyst í tengslum við samráð. Bent er á að umverfisvitund hafi almennt aukist í samfélaginu og krafa sé um aukið samráð og aukið gagnsæi í allri ákvarðanatöku. Í því samhengi má nefna Árósarsamninginn, sem var fullgiltur 2011, og fjallar um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Núna sé meira gert í því að ganga lengra í samráðinu en  krafist er í lögum, bæði til þess að tryggja aðkomu almennings og fá fram ólík sjónarmið sem fyrst í ferlinu. Með auknu samráði er vonast til þess að líkur á kærum seinna meir minnki. Í þessu samhengi er aftur bent á mikilvægi samráðs á matsáætlunarstigi.  Hjá einum framkvæmdaraðila kemur þó fram að verklag í kringum samráð hafi lítið breyst síðastliðin ár. Allir eru þó sammála um að best sé að draga sem flesta að borðinu sem fyrst í ferlinu.

Í töflu 3.2 um helstu atriði sem að koma fram í kærum á framkvæmdaleyfi er a.m.k. einu sinni bent á skort á samráði í tengslum við valkostagreiningu, í þeim framkvæmdum sem þar eru taldar upp.

Í samanburði matsskýrslna má greina fækkun athugasemda frá almenningi frá 2012. Að meðaltali eru send um 9 erindi frá almenningi á kynningartíma frummatsskýrslna sem unnar eru fyrir 2012. Eftir 2012 er meðalfjöldinn um 5 erindi. Hafa þarf þó í huga að í einhverjum tilvikum eru send inn sameiginleg erindi sem getur skekkt niðurstöðuna.

Í langflestum verkefnum voru haldnir opnir kynningarfundir á kynningartíma frummatsskýrslu. Fjöldi funda endurspeglar helst umfang framkvæmdar,

hvort hún nái yfir meira en eitt sveitarfélag eða liggi nálægt sveitarfélagsmörkum.

Í viðtölum við fagstofnanir er nefnt að umfjöllun um samráð í frummats- og matsskýrslum sé mismikil og þau hafi ekki yfirsýn yfir hvort þar hafi einhver almenn breyting verið á. Það samræmist því sem kom fram í samanburði á matsskýrslum. Í skýrslunum sem skoðaðar eru er umfjöllun um samráð misítarleg. Í einhverjum tilvikum er aðeins gerð grein fyrir að haldnir hafi verið fundir með hagsmunaaðilum í matsferlinu. Í öðrum tilvikum er gerð grein fyrir hvaða fundir voru haldnir og fundargerðir látnar fylgja með í viðauka. Stundum er einnig gerð ítarlega grein fyrir spurningum sem hafa komið upp í ferlinu á fundum með ólíkum hópum hagsmunaaðila ásamt viðbrögðum framkvæmdaraðila. Þessi ólíka nálgun á umfjöllun um samráð á bæði við í matsskýrslum sem unnar eru fyrir og eftir 2012.

Vegna misítarlegra gagna reynist ekki unnt að bera saman og meta þróun varðandi samráð aðeins með þeim upplýsingum sem fram koma í matsskýrslum.

### Önnur atriði varðandi kærumál og matsferlið almennt

Það er misjafnt eftir viðmælendum hvort þau töldu að kærumálum fari fjölgandi og hvort matsferlið hafi almennt tekið einhverjum breytingum. Bent er á að áður voru úrskurðir Skipulagsstofnunar kærðir. Jafnframt eru skoðanir viðmælenda ólíkar um hvort þróun síðustu ára sé til bóta eða ekki. Flestir viðmælendur nefndu að aðhald væri gott og að það geti leitt til þess að mat á umhverfisárhrifum og málsmeðferð verði vandaðri. Hjá fagstofnunum kemur fram að matið sjálft á umhverfisáhrifum framkvæmdar væri almennt að verða betra með árunum.

Hjá framkvæmdaaðilum er nefnt að kæruheimildin komi of seint í ferlinu. Erfitt sé að bregðast við kærum frá aðilum sem hafa sig ekkert í frammi í matsferlinu sjálfu en kærðu svo leyfið. Þar kæmu jafnvel fram mikilvæg sjónarmið sem erfitt væri að bregðast við án þess að fara í gegnum allt ferlið aftur. Þetta rímar við umfjöllun hér að ofan varðandi matsáætlun og að hagaðilar mættu nýta sér samráð á því stigi betur.

Í viðtölum kemur fram að matsferlið og málsmeðferð þess sé sífellt að verða flóknara og fjölgun kærumála sé ekki að bæta flækjustigið heldur jafnvel þvert á móti. Það atriði kemur helst fram hjá framkvæmdaaðilum og leyfisveitendum. Auðvelt sé að misstíga sig varðandi formsatriði í málsmeðferðinni og stundum sé meira rökrætt um skilning á lögum og niðurstöðum dómsmála en framkvæmdina sjálfa og niðurstöður umhverfismatsins.

# 6 Samantekt

Lagt var upp með að svara spurningunni hvort kærumál hafi haft áhrif á helstu þætti í mati á á umhverfisáhrifum. Því var velt upp hvort þróunin á matsferli undanfarin ár, með árið 2012 sem viðmið, sé að færa okkur nær markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum, stuðla að bættu samráði, auka vitund um umhverfismál og nýtingu auðlinda eða þvert á móti að flækja matsferlið, draga úr þátttöku almennings og seinka framkvæmdum.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að kærumál og niðurstöður úrskurðarnefndar hafi haft áhrif á verklag og umfjöllun, þá helst hvað varðar valkosti og samráð. Meira krafa er um að framkvæmdaraðilar færi ítarlegri rök fyrir aðalvalkosti og meiri gagnsæi í valkostagreiningu.

Framkvæmdaraðilar og leyfisveitendur eru í einhverjum tilvikum að ganga lengra með samráð en það sem krafist er af þeim í lögum, bæði til að draga fram sem flest sjónarmið sem fyrst í ferlinu og í leiðinni að draga mögulega úr líkum á kærum seinna í ferlinu. Engu að síður gefa niðurstöður vísbendingar um að þátttaka almennings hafi dvínað.

Allir viðmælendur voru sammála um að tímaferill mats á umhverfisáhrifum og útgáfu framkvæmdaleyfa hafi aukist. Verkefnum hafi fjölgað, tímafrestir halda ekki og almennt fari meiri vinna í undirbúning og samráð.

## 6.1 Hugmyndir um áframhaldandi rannsóknir

Samtenging mats á umhverfisáhrifum og kærumála er flókin og ekki næst að skoða alla kima hennar með einni rannsókn. Líta ætti á niðurstöður rannsóknarinnar sem innlegg inn í umræðuna og sem greiningu fyrir áframhaldandi rannsóknir. Eftirfarandi eru hugmyndir um frekari rannsóknir þessu tengdu og gætu varpað skýrari ljósi á þróun matsferils undanfarin ár og hvar sé möguleiki á úrbótum:

- Fara lengra aftur í tímann og skoða helstu breytingar á matsferlinu sem hafa orðið eftir 2005 þegar lögum var breytt þannig að Skipulagsstofnun úrskurðar ekki um framkvæmd heldur gefur þess í stað álit.
- Taka mál sem hefur verið skotið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá stofnun hennar, sem tengjast mati á umhverfisáhrifum og útgáfu framkvæmdaleyfa, og skoða hverskonar framkvæmdir verið er að kæra. Er verið að kæra oftar eina gerð af framkvæmd?
- Fara dýpra í kærumál og úrskurði úrskurðarnefndar. Hvað er verið að kæra og hvernig er úrskurðarnefndin að úrskurða um þau atriði. Er verið að kæra ákveðin atriði í matsferlinu oftar en önnur?
- Skoða tímaferil mats á umhverfisáhrifum með ítarlegri hætti, hvað liggur á bakvið lengri tímaferlum í matinu og með hvaða hætti má sporna við þeirri þróun.
- Skoða samráð með ítarlegri hætti en hér er gert og hvernig það hefur þróast undanfarin ár. Er aukið samráð raunverulega að draga úr líkum þess að framkvæmd sé kærð.
- Skoða aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum í samhengi við nágrannaþjóðir og koma með tillögur um hvernig megi hvetja almenning frekar til að taka þátt í matsferlinu.
- Skoða nánar kæruleiðir og kanna hvort grundvöllur sé fyrir að færa kæruheimild um ákvörðun um framkvæmd framar í ferlið?

# 7 Heimildir

HS Orka hf. og VSÓ Ráðgjöf. (2014). *Rannsóknaboranir í Eldvörpum. Mat á umverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Reykjavík: HS Orka hf.

Landsnet og Efla. (2017). *Kröflulína 3, 220 kV. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Reykjavík: Landsnet.

Landsnet og Efla. (2009). *Suðvesturlínur. Styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi. Matsskýrsla*. Reykjavík: Landsnet.

Landsnet og VSÓ Ráðgjöf. (2019). *Suðurnesjalína 2. Milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Matsskýrsla.* Reykjavík: Landsnet.

Orkuveita Reykjavíkur og VSÓ Ráðgjöf. (2008). *Hverahlíðarvirkjun. Allt að 90 MW jarðvarmavirkjun*. Reykjavík: Orkuveita Reykjavíkur.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. (mars 2020). *Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála*. Sótt frá https://uua.is/

Vegagerðin. (2006). *Dettifossvegur í Norðurþingi og Skútustaðahreppi. Hringvegur – Norðausturvegur. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Akureyri. Vegagerðin.

Vegagerðin. (2013). *Jökuldalsvegur (293): um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Akureyri: Vegagerðin.

Vegagerðin. (2005). *Vestfjarðarvegur nr. 60. Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahrepp í Austur – Barðastrandarsýslu. Mat á umhverfisáhrifum.* Ísafjörður: Vegagerðin.

Vegagerðin. (2017). *Vestfjarðarvegur (60): Milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Reykjavík: Vegagerðin.

Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf. (2009). *Hringvegur um Hornafjörð. Matsskýrsla.* Reykjavík: Vegagerðin.

Vesturverk og Verkís. (2016). *Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Matsskýrsla*. Reykjavík: Vesturverk.

# Viðauki 1 – Greiningartöflur matsskýrslna

## Matskýrslur unnar fyrir 2012

### Vestfjarðavegur nr. 60 Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi

| Framkvæmdaraðili | Rágjafi vegna mats á umhverfisáhrifum | Lengd skýrslu, án viðauka | Valkostir |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | Náttúrustofa Vestfjarðar | 123 bls. | Leiðinni skipt í 3 áfanga og eru 1- 4 valmöguleikar fyrir hvern áfanga, auk núllkosts.<br>Allt að 6 mögulegar útfærslur á hverjum valmöguleika. Ekki settur fram aðalvalkostur. |

**Tímalína**

| *Drög að matsáætlun* | *Tillaga að matsáætlun* | *Ákvörðun Skipulagsstofnunar* | *Frummatsskýrsla* | *Matsskýrsla* | *Úrskurður Skipulagsstofnunar* | *Kærumál* | *Framkvæmdaleyfi* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ágúst 2003 | Desember 2003 | Febrúar 2004 | Febrúar 2005 | September 2005 | Febrúar 2006 | • Mars 2006 – Úrskurður kærður.<br>• Janúar 2007 – Ráðherra snýr úrskurði Skipulagsstofnunar við.<br>• Sept. 2008 – Héraðsdómur dæmir úrskurð ráðherra úr gildi.<br>• Okt. 2009 – Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms. | Ekki gefið út |

| Markmið | Matsskylda skv. viðauka I við lög nr. 106/2000 |
|---|---|
| Markmið framkvæmdarinnar eru bættar vegasamgöngur annars vegar innan Reykhólahrepps og hins vegar af Hringvegi vestur um til Vestur-Barðastrandarsýslu og til norðanverðra Vestfjarða. | Framkvæmd fellur í flokk A sem inniheldur framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt tölulið 10.08. en þar segir:<br>„Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd." |

| Umhverfisþættir | Gögn til grundvallar mati | Umhverfisþættir | Gögn til grundvallar mati |
|---|---|---|---|
| • Gróður | Úttekt unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004). | • Skarkoli | Greinargerð unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004). |
| • Fuglalíf | Úttekt unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004,) skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands um arnarvarp (2005). | • Vatnafar | Greinargerð unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004). |
| • Lífríki straumvatna | Greinargerð unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004). | • Jarðvegsrof | - |
| • Áhrif á sjávarföll | Greinargerð unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004). | • Fornleifar | Skráning unnin af Ragnari Edvardssyni, fornleifafræðing (2004). |
| • Fjörulíf | Greinargerð unnin af Náttúrustofu Vestfjarða (2004). | • Landnotkun og samfélag | Fyrirliggjandi gögn um landnotkun og skipulag. |

**Samráð**

**Umsagnir um frummatsskýrslu:**

- Reykhólahreppur
- Vesturbyggð
- Breiðafjarðarnefnd
- Fornleifavernd ríkisins
- Veiðimálastjóri
- Hafrannsóknarstofnun
- Skógrækt ríkisins
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Siglingastofnun Íslands

**Athugasemdir um frummatsskýrslu:**

- Tálknafjarðarhreppur
- Brynja Þórdís Þorbergsdóttir og Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir
- Starfsmannafélag Landhelgisgæslunnar
- Guðrún Magnúsdóttir
- Gunnlaugur Pétursson
- Reynir Bergsveinsson
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Össur Stefánsson
- Guðjón Bergsson, Ingibergur Vilhjálmsson, Jón V. Pétursson og Kristinn Gestsson.
- Kristinn Bergsveinsson
- Jón Guðmar Hauksson

**Kynningarfundir:**

- Tveir opnir kynningarfundir á kynningartíma frummatsskýrslu.
- Aðrir fundir með hagsmunaaðilum.

## Dettifossvegur í Norðurþingi og Skútustaðahreppi

| Framkvæmdaraðili | Lengd skýrslu, án viðauka | Valkostir |
|---|---|---|
| Vegagerðin | 292 bls. | Leiðinni skipt í 3 áfanga, 1- 4 valmöguleikar fyrir hvern áfanga auk núllkosts.<br>Aðalvalkostur lagður fram í matsskýrslu. |

**Tímalína**

| *Drög að matsáætlun* | *Tillaga að matsáætlun* | *Ákvörðun Skipulagsstofnunar* | *Frummatsskýrsla* | *Matsskýrsla* | *Álit Skipulagsstofnunar* | *Útgáfa framkvæmdaleyfis* | *Kærumál* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Júní 2004 | Júlí 2004 | September 2004 | Febrúar 2006 | Júní 2006 | Júlí 2006 | Apríl 2007 | • Júní 2007 – Ákvörðun um framkvæmdaleyfi kærð.<br>• Apríl 2007 – Úrskurður úrskurðarnefndar. Máli vísað frá. |

| Markmið | Matsskylda skv. viðauka I við lög nr. 106/2000 |
|---|---|
